

## Deildarstjóri staðgengill

Staðgengill skólastjóra er faglegur forystumaður innan skólans og tekur ásamt öðrum stjórnendum hans þátt í að móta og viðhalda menningu skólans. Hann vinnur að skipulagi skólastarfs og fylgist með því að það sé í samræmi við ákvæði Aðalnámskrár grunnskóla og skólanámskrána. Hann tekur þátt í stefnumótun skólans, vinnur ásamt öðrum að gerð skólanámskrár, þróunar- og umbótaáætlunar, endurmenntunaráætlunar, innra mats og stuðlar að virkri þátttöku kennara eftir því sem tilefni gefast. Hann skipuleggur forfallakennslu. Hann hefur ásamt deildarstjóra forgöngu um að kennarar kynni sér nýjungar á sviði námsefnis og námsgagna. Hefur yfirumsjón með námsgögnum. Hann hefur umsjón með upplýsingaflæði innan skólans, sér um að skólareglur séu endurskoðaðar í samvinnu við deildarstjóra og kennara, fulltrúa nemenda og foreldra og vinnur að lausn agabrota og ágreiningsmála ásamt deildarstjóra. Deildarstjóri - staðgengill skólastjóra er Tómas Lárus Vilbergsson.